

Alþingi
Erindi nr. P 141/1142
komudagur 20.12.2012

20. desember 2012

Ég undirritaður Vilhjálmur Bjarnason ekki fjárfestir, óska hér með eftir að eftirfarandi umsögn sem sett var fyrst fram með þingmáli 716 á 140 löggjafarþingi, sem varð að hluta til að lögum 72/2012, verði sett aftur inn og núna með 115. máli: nauðungarsala ofl á 141. löggjafarþingi þar sem það sem umsögnin fjallar um fór ekki inn í lög 72/2012 eins og vonir fjölmargra fjölskyldna og heimila stóð til.

Nauðsynlegar réttarbætur fyrir þúsundir heimila ná ekki fram að ganga vegna þess að dómssvaldið stjórnar í raun löggjafarvaldinu, auglýsi hér með eftir réttlæti og að þrískipting ríkisvaldsins sé virt.

Nú þegar þessi umsögn er sett fram eru jólin að koma og það eru margar fjölskyldur og heimili sem eru í þeim sporum að vita ekki hvar þau standa eða hvernig vegna þess að það er ennþá sögð óvissa um skuldamál þeirra sem tóku svokölluð gengistryggð lán. Á sumum þessara heimila er jafnvel búið að gera mömmuna og pabbann gjaldþrota, selja heimili fjölskyldunnar nauðungarsölu eða á veðhafafundi hjá skiptastjóra á grundvelli ólöglegra lána. Eins og löggin eru í dag þá verður fjármálastofnunum sem í hlut eiga leyft að henda þessum fjölskyldum út af heimilum sínum eftir áramótin ef ekki verða samþykktar þær réttarbætur sem eru í þessu frumvarpi sem þessi umsögn er um.

Mig langar bara að vita hvort þið kjörnir þingmenn- og konur og ríkisstjórn Íslands sem fulltrúar löggjafarvaldsins ætlið enn og aftur að láta undan og að stjórn dómssvaldsins og vera eins og skósveinar Hæstaréttar og láta þetta mikla réttlætismál fyrir þúsundir fjölskyldna ekki fara í gegn á þessu þingi. Tek samt fram að það eru ekki allir þingmenn undir þessum skömmum. Minni samt ykkur alla þingmenn á að það eru samkvæmt stjórnarskrá skýr mörk varðandi þrískiptingu ríkisvaldsins í löggjafarvald, framkvæmdavald og dómssvald sem var klárlega brotið í meðferð þingsins á seinasta löggjafarþingi í undanfara setningar laga 72/2012 með aðkomu starfsmanns Réttarfarsnefndar, Benedikts Bogasonar Hæstaréttardómara að málinu og þann snautlegan endi sem þetta mál fékk á seinasta degi og seinustu mínótu seinasta löggjafarþings. Hvet ég ykkur þingmenn til að standa nú með frekar með þegnum þessa lands í stað þess að haga ykkur eins og aumir þjónustuaðilar dómssvaldsins og fjármálastofnanna og láta stjórna ykkur eins og strengjabrúður frá fjármálastofnunum og Hæstarétti. Ég bara neita að trú á því að þið ætlið að fara í jólaleyfi án þess að afgreiða þetta mál og láta þau heimili sem geta nýtt sér þessar réttarbætur og mannréttindi sem í þessu lagafrumvarpi felst halda jólin ennþá einu sinni í nagandi óvissu og eins og í tilfelli fjölskyldu sem ég þekki til og margra annara að vera komin með nauðungarsölubeiðni vegna ólöglegra lána ofan á sölu á veðhafafundi eftir ólöglega framfengið gjaldþrot rétt fyrir jólin og að ekki sé minnst á að vita ekki hvar fjölskyldan heldur næstu jól eða áramót eða páska ef út í það er farið. Hver er ykkar vilji, sýnið hann í verki og standið með þjóð ykkar.

Bendi samt á að það þarf einnig að bæta inn viðbót við 2. málsgrein 67 greinar aðfaralag númer 90/1989 um að ef aðfarargerðin fór fram á grundvelli beiðni sem telja má umdeilanlega í ljósi dóma um gengisbundin lán sé hún endurupptakanleg, þannig að allur ferillinn frá fjárnámi og það sem sú athöfn olli með því að vera árangurslaust vegna ólöglegrar hækkunar gengislánanna sem nú er búið að dæma ólöglega, sé endurupptakanlegur. Ég mun senda inn breytingartillögu þar að lútandi eins fljótt og hægt er ásamt smá lagfæringu á texta hinna greinanna þar sem það vantar inn ákvæði um að þær eignir sem fjármálastofnanirnar hafa tekið af fjölskyldunum á grundvelli ólöglegra lána og eru ennþá á valdi fjármálastofnananna gangi til baka til fjölskyldnanna eins og greinargerðin gerir ráð fyrir og er eitt af megininntökum þessa þingmáls sem umsögnin fjallar um.

Endurupptökuheimildir handa þeim sem gerðir hafa verið gjaldþrota, heimili fjölskyldunnar selt á nauðungarsölu eða hjá skiptastjóra á veðhafafundi látnar sitja á hakanum vegna meintrar óvissu sem haldið er fram af starfandi dómari Hæstaréttar. Hvar á að dæma um óvissu, er það ekki einmitt fyrir dómstólnum sjálfum, en ekki af einum Hæstaréttardómara sem kemur fram fyrir Alþingi sem starfsmaður Réttarfarsnefndar og skipar Alþingi að taka út réttarbætur sem Alþingismennirnir voru nýbúnir að samþykkja í atkvæðagreiðslu.

Eins fáránlega og fyrirsögnin hljómar þá er það satt að dómssvaldið ræður yfir og stjórnar löggjafarvaldinu og sanna ég það hér á eftir í lýsingu á atburðarrás sem er í raun fáránleg fyrir löggjafarvaldið og í raun allt stjórnkerfi Íslands og sorgleg í senn fyrir allt of margar fjölskyldur sem lentu þarna á milli þessara tveggja af þremur meginvaldastöðum okkar þjóðfélags.

Sagan byrjar eiginlega í hruninu, þ.e. því seinasta sem telst formlega byrja á haustmánuðum 2008 en var í raun byrjað miklu fyrr. En þegar hrunið var fullskapað hafði krónan fallið um c.a. 100 % og á sama tíma hækka þar að auki nokkrir þeir gjaldmiðlar sem voru undirstaða í flestum erlendum, eða gengislánum eins og

þau voru kölluð, þar að auki um 20 til 30 % sem gerði það að verkum að gengislán sem tekið var fyrir hrún hækkaði um allt að 130 %.

Flestir vita að búið er að dæma gengisbindingu þessara áður erlendu eða gengislána ólöglega og að hún hafi í raun aldrei verið lögleg ef út í það er farið. Einnig er búið að dæma að afturvirkir útreikningar miðaðir við „lægstu óverðtyggða vexti Seðlabanka Íslands“ séu líka ólöglegir. Þá er bara eftir að fá úr því skorið hvort upprunalegir samningsvextir þessara lána standi eftir eða jafnvel engir vextir eins og dómafordæmi eru fyrir frá öðrum Evrópulöndum samkvæmt lögum sem við höfum undirgengist og sett inn í okkar lagaramma með EES samningunum.

Þegar það rann upp fyrir nokkrum nefndarmönnum Efnahags og viðskiptanefndar, með varaþingmanninn Magnús M Norðdahl í broddi fylkingar, að þau úrræði sem til væru í núverandi lögum hefðu allt of stutta tímafresti til að þeir sem þess þyrftu gætu nýtt sér þá lagði Efnahags og viðskiptanefnd hinn 30.3.2012 fram 716. mál á Alþingi, lagafrumvarp í þingskjali 1151. Var meðal annars byggt á að í lögum 151/2010 höfðu verið settar inn endurupptökuheimildir til handa þeim sem höfðu lent í því að verða gerðir gjaldþrota og eign þeirra í framhaldinu tekin af þeim en þessar tímubundnu heimildir sem runnu út 29 september 2011 nýttust í raun engum þar sem lögín voru ekki nógu vel samin eins og dómur héraðsdóms og Hæstaréttar vegna mála byggða á þessum tímabundnu lögum sanna.

Megininntak þessa nýja frumvarps var að veita fólki og fjölskyldum aukna tímafresti til að nýta sér hin ýmsu lagaúrræði, ef þeir teldu sig hafa orðið fyrir tjóni eða skaða vegna ólöglegrar rukkana fjármálastofnanna á áður gengisbundnum lánum, og tíma til að nýta sér þær heimildir í lögum sem þó eru fyrir hendi og ber að þakka þeim að hafa frumkvæðið af þeirri vinnu þó að hún færðist fljótlega frá Efnahags og viðskiptanefnd yfir á Allsherjar og menntanefnd vegna starfsreglna þingsins. Meginstefið í frumvarpinu var samt það að fólk ætti að geta farið í mál við fjármálastofnunina „sína“ fyrir að hafa tekið eign fjölskyldunnar eftir nauðungarsölu á henni á grundvelli ólöglegs áður gengisbundins láns.

Þegar ég sá þetta frumvarp fyrst sá ég strax að þetta væri engan veginn nóg að gert og bara til dæmis, hvaða hag hefur sá sem búið er að gera gjaldþrota af því að fara í mál við bankann sem gerði hann gjaldþrota og tók eign fjölskyldunnar í framhaldinu. Hann hefði í fyrsta lagi sennilega ekki rétt til þess samkvæmt gjaldþrotalögum og svo ekki síður, að ef aðilinn mundi vinna málið og vera samt ennþá gjaldþrota, þá færi það sem hann fengi dæmt frá lánastofnunni hvort sem er bara inn í gjaldþrotið hjá honum sem væri útreiknað á allt of háum ólöglegum áður gengisbundnum lánum.

Skrifaði ég umsögn um málið sem ég skilaði inn á Alþingi vegna þingmáls 716. hinn 16.4.2012 þar sem ég sýndi fram á að það hefði gleymst að gera ráð fyrir þeim aðilum sem hefðu verið gerðir gjaldþrota og líka þeim fjölskyldum þar sem eign fjölskyldunnar var tekin af henni eftir gjaldþrot á veðhafafundi hjá skiptastjóra þar sem það var í langflestum tilvikum fjármálastofnunin, sem krafðist þessa ólöglega gjaldþrots, sem leysti eignina til sín og væri ennþá með eignina í sinni vörslu.

Umsögn mín snérist um að sína fram á að það þyrfti að gera þeim aðilum sem gerðir voru gjaldþrota og eign fjölskyldunnar var í framhaldinu seld nauðungarsölu eða í framhaldinu ráðstafað á veðhafafundi, kleyft að endurheimta eign sína aftur og fá ólöglega gjaldþrotið dæmt ógilt. Var þá miðað við að bara þeir gætu nýtt sér þessi úrræði, í þessari atrennu, sem gátu sýnt fram á að þeir hefðu verið beyttir órétti og gerðir gjaldþrota á grundvelli ólöglegra áður gengisbundinna lána. Jafnvel höfðu sumir af þeim sem lentu í þessum hremmingum áður en það var viðurkennt með dómum Hæstaréttar að lánin voru ólögleg og svo hafi eign þeirra í framhaldinu verið færð yfir á fjármálastofnunina, þá sömu, sem beytti fjölskylduna þessum órétti eftir veðhafund eða nauðungarsölu og einnig að eignin væri ennþá skráð á fjármálastofnunina. Þar að auki var skilyrðið að fjölskyldan væri ennþá búandi í eigninni, annað hvort vegna undirliggjandi málaferla eða að hún einfaldlega „leigði eign sína“ af fjármálastofnunni.

Með öðrum orðum, þá fólst umsögn eða tillaga mín í því að leiðrétt þau mannréttindabrot sem höfðu verið framið á allt of mörgum fjölskyldum þessa lands í stað þess að þeim væri bara „leyft“ að fara í mál við fjármálastofnir sem setti þau út á gaddinn. Auðvitað hafa þessar fjölskyldur svo rétt til að fara í mál við fjármálastofnir fyrir þau brot sem þau frömdu á fjölskyldunum, það getur enginn tekið það af þeim en fyrst þarf að leiðrétta ólöglegu gjaldþrotin og eignaupptökurnar.

Ímyndi ykkur bara fjölskyldu sem búið er að gera gjaldþrota á þessum ólöglegu lánum, hún býr ennþá í eigninni sinni sem er búið að skrá á bankann eftir veðhafafund eða nauðungarsölu og í stað þess að hún fái ólöglega gjaldþrotið dæmt ógilt og fái eign „sína“ dæmda aftur yfir á sitt nafn þá eru þau lög sem henni standa til boða þannig að bankinn má henda fjölskyldunni út af heimili sínu og lögin „lofa“ fjölskyldunni svo að fara í mál við bankann til að fá hugsanlega bætur sem hún gæti svo engan veginn nýtt sér vegna þess að mamman og pabbinn eru ennþá gjaldþrota. Hvaða rugl er í gangi hjá okkur þremur árum eftir hrun, höfum við ekkert lært.

Þá erum við að nálgast fyrirsögnina á þessum pistli, en hinn 04.05.2012 gekk málið til Allsherjar og menntamálanefndar sem samkvæmt verkaskiptingu þingsins er með svona mál á sinni könnu, Magnús M. Norðdahl hélt þó áfram að vera í forsvari fyrir málið og í millitíðinni hafði ég fundað með honum og sýnt honum fram á að það sem ég hafi verið að leggja til varðandi gjaldþrotin og sölu eigna á veðhafafundum væri eitthvað sem taka þyrfti fullt tillit til og var hann fljótur að sjá að ég hafði rétt fyrir mér að það þyrfti að koma þessum sjónarmiðum að. Vil ég nota tækifærið og þakka honum sérstakleg fyrir vel unnin störf í vinnsluferli þessa máls og ekki má gleyma Margréti Tryggvadóttur og Eygló Harðardóttur ásamt leiðsögn og ráðleggingum Lilju Mósesdóttur, ég segi nú bara að ef allir þingmenn ynnu svona vel og þetta fólk þá værum við ekki stödd á þeim dimma stað sem við erum í dag.

Haldnir voru fjölmargir fundir í Allsherjar og menntamálanefnd um málið eftir að umsögn mín og tillaga kom fram og Magnús bætti þeim ábendingum inn í málið, en alltaf var einhver Réttarfarsnefnd sem lagðist gegn því að þessar sjálfsgöðu réttarbætur næðu fram að ganga og vildi Réttarfarsnefnd frekar láta taka eignirnar af fólki sem fengi svo leyfi til að fara í mál við bankann eins og ég hef áður sagt frá og kemur fram í greinargerð með málinu sem sjá má inn á Alþingisvefnum. Ég var svo sem ekkert að hugsa eitthvað sérstaklega um þessa Réttarfarsnefnd á þessum tíma því ég bjóst við að þeir aðilar sem þar væru á bak við mundu sjá að sér á endanum eftir að Magnús væri búinn að skýra málið út fyrir þessu fólki. Mér er til efs að nokkuð annað mál hafi fengið eins marga fundi í nefndum og þetta mál ef frá eru talin þau pólitísku bitbeinsmál sem alltaf taka mikinn tíma á öllu þingum.

Þá er ég loksins kominn að afgreiðslu þessa máls á Alþingi á tveimur seinustu lokadögum þingsins núna 18 og 19 júní sem skýrir út fyrirsögnina um að dómssvaldið ráði yfir löggjafarvaldinu.

Hinn 18.júní síðastliðinn, næst seinasta dag þingstarfa 140 löggjafarþings fyrir sumarfrí, lagði Magnús M. Norðdahl varaþingmaður með fulltingi þingkvennana Margrétar Tryggvadóttur og Eyglóar Harðardóttur fram breytingartillögu við aðra umræðu í þingskjali 1589 sem vegna þingmáls 716 sem fól m.a. í sér eftirfarandi réttarbætur fyrir hundruðir ef ekki þúsundir fjölskyldna:

í 2. grein sagði m.a. að „ Án tillits til þeirra fresta sem greindir eru í 1. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, getur þrotamaður, þrátt fyrir að útivist hafi verið af hans hálfu, krafist endurupptöku gjaldþrotaurskurðar í máli þar sem skiptum á búi hans er ekki lokið, enda leiði hann líkur að því að greiðsluferfiðleika hans sé að rekja til gengistryggðra lána. Ákvæði þetta gildir til loka árs 2013. Ákvæði þetta á ekki við um lögaðila.“

og í 3. grein sagði m.a. „Þrotamanni er heimilt að leita úrlausnar héraðsdómara um gildi sölu fasteignar samkvæmt ákvörðun veðhafafundar til fullnustu kröfu sem er umdeild í ljósi hæstaréttardóma um lögmæti og endurreikning gengistryggðra lána, enda hafi kaupandi jafnframt verið eigandi hinnar umdeildu kröfu og hann er eigandi uppboðsandlags. Að kröfu þrotamanns er sala til fullnustu kröfu samkvæmt framansögðu ógild. Ákvæði þetta gildir til loka árs 2013.“ .

Í atkvæðagreiðslu um ofangreindar tvær breytingartillögur voru þær samþykktar á seinasta degi þingsins hinn 19. júní síðastliðinn klukkan 18.35 eins og sjá má í þingskjali 1644. Þar með var löggjafavaldið og Alþingi búið að samþykkja tillögurnar í atkvæðagreiðslu á þinginu.

Málið var í framhaldinu sent aftur í Allsherjar og menntanefnd fyrir þriðju umræðu sem fram fór seinna þann sama dag. Á þessum fundi Allsherjar og menntamálanefndar fyrir þriðju umræðu stormar inn starfandi hæstaréttardómari við Hæstarétt Íslands, Benedikt Bogason starfsmaður Réttarfarsnefndar og krefst þess að þessar breytingartillögur, sem þingmenn voru nýbúnir að samþykkja, verði teknar út úr lagafrumvarpinu og

sagði þær valda óvissu. Málið snérist samt auðvitað um að leiðrétta þá óvissu og það réttarfarslega slys sem búið var að koma fram og fól m.a. í sér að fjármálastofnanir gerðu fólk gjaldþrota og tóku eignir fjölskyldu þess á ólöglegum gjörningum, það er réttkallað réttarfarslegt slys sem þurfti að bæta. Meirihluti Allsherjar og menntanefndar fer þá í það fyrir hönd löggjafarvaldsins að hlýða dómsvaldinu og semur nýja breytingartillögu í þingskjali 1651 sem felur m.a. í sér að þessar tvær nýsamþykktu réttarbætur fyrir þær fjölmörgu fjölskyldur sem hefðu getað nýtt sér þær eru felldar í burtu að kröfu Dómsvaldsins.

Þessi breytingartillaga í þingskjali 1651 er svo samþykkt á lokamínótu þingsins klukkan 23.29 hinn 19. júní og lögin eru svo samþykkt í þingskjali 1664 án þessara réttarbóta fyrir almenning einni mínótu seinna eins og ekkert hafi verið sjálfsagðara. Gott ef þetta var ekki seinasta málið sem þingmenn tóku fyrir áður en þeir fóru heim í sumarfrí. Vonandi eru þeir sem samþykktu að taka þetta út stoltir af þessu verki sínu og að hafa látið dómsvaldið í skötulíki Réttarfarsnefndar skipa löggjafarvaldinu fyrir.

Ég bara spyr, hvar er þrískipting valdsins í Löggjafarvald, Framkvæmdarvald og Dómsvald eins og svo oft er vitnað í að sé virkt hér á landi. Inn á vef Alþingis, nánar tiltekið Skólapingi stendur meðal annars: „**Dómsvald er í höndum dómara og er aðgreining dómsvaldsins frá löggjafar- og framkvæmdarvaldi grundvallaratriði fyrir réttaröryggi í landinu**“. Að mínu mati er þetta skýrt brot á þeim lögum og reglum sem um þrískiptingu valds gilda. Raunar sé ég ekki hvernig dómara á báðum dómsstigum geta fjallað um mál þessu tengt vegna aðildar starfandi héraðsdómara, hæstaréttardómara og Alþingis að því.

Ástæða þess að ég er að vinna í þessu persónulega er sú að þessar réttarbætur í formi endurupptökuheimilda sem þó hefur verið reynt að innleiða, fyrst í ónothæfu tímabundnu endurupptökuheimildunum sem settar voru í lög 151/2010 og svo nú þær endurupptökuheimildir sem hér um ræðir, hafa báðar komið til fyrir tilstilli mína vegna sérkunnáttu minnar á málefnum. Fyrst með umsögn sem ég setti inn, ásamt fleirum í Hagsmunasamtökum heimilanna í aðdraganda laga 151/2010, og svo núna í aðdraganda samþykktar laganna í þingskjali 1664 með umsögn minni, fundum með nefndum Alþingis og viðtölum mínum við þingmenn o.f.l. Þessi sérkunnátta mín kemur svo sem ekki til af góðu en ef hún leiðir á endanum til þess að sá stóri hópur sem hér um ræðir fái sanngjarna og nauðsynlega bót sinna mála og heimili sín aftur þá er ég sáttur, þó það hafi tekið allt of langan tíma og allt of mörg tár hjá allt of mörgum fjölskyldum.

Það sem ég tel að sé fyrst og fremst ámælisvert er í raun málsmeðferðin öll og er þá fyrst að nefna Alþingi sem löggjafarvaldið, að það skuli hafa leyft dómsvaldinu að hafa svona bein áhrif á sig og líka að leyfa Hæstarétt sem dómsvaldið að leyfa sér að taka fram fyrir hendurnar á löggjafarvaldinu og að ég tali nú ekki um að dómsvaldinu skyldi takast að láta löggjafarvaldið taka út tillögur sem löggjafarvaldið þ.e.a.s. Alþingi var nýbúið að samþykkja nokkrum klukkustundum fyrr sama daginn og hefði orðið að lögum ef Réttarfarsnefnd og dómsvaldið hefði ekki heimtað að Alþingi og þar með löggjafarvaldið tæki það út aftur og dæmt það þar með úr leik fyrirfram.

Átta mig á því að ég ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur en stundum þarf þess og þá kannski sérstaklega þegar búið er með öllum ráðum að reyna að þagga niður í röddum réttlætissins af þessum sömu aðilum í allt of langan tíma.

Það er meira að segja spurning hvort framkvæmdarvaldið og jafnvel Forsetinn eru ekki líka aðilar að málinu, Framkvæmdarvaldið m.a. vegna þess að Réttarfarsnefnd starfar og er á forræði Innanríkisráðuneytisins, sem aftur starfar í umboði Forsætisráðherra og svo eru Löggjafa, framkvæmda og dómsvaldið búið að blanda Forsetanum inn í málið með því að láta fyrir hann lög sem fengin eru fram á ólöglegan hátt.

Það voru engin rök, sem dómsvaldið undir merkjum Réttarfarsnefndar lagði fyrir með kröfu sinni um að Alþingi tæki til baka þær réttarbætur sem Alþingi var nýbúið að samþykkja, önnur en þau að tillagan skapaði óvissu. Óvissu fyrir hvern, jú fjármálastofnanirnar sem voru búnar að gera fólk gjaldþrota og fá heimili fjölskyldunnar skráð á sig á grundvelli ólöglegra útreikninga áður gengisbundinna ólöglegra lána, en tillagan átti að bæta stöðuna hjá einmitt þessu fólk og fjölmörgum fjölskyldunum þar á bak við. Er það ekki akkurat hlutverk Dómsvaldsins að skera út um þá óvissu í réttarsölum landsins, sem ég tel að vísu enga óvissu um, í

stað þess að útiloka það að þessi svonefnda óvissa kæmi nokkurn tímann fyrir héraðsdóm eða hvað þá Hæstarétt, þann sama og Benedikt Bogason og fleiri hjá Réttarfarsnefnd starfa einnig fyrir.

Svo er önnur þæling samhliða þessu, eru héraðsdómur og hæstiréttur ekki búnir að gera sig vanhæfa til að fjalla um mál, sem koma til þeirra kasta innan Réttarfarsnefndar, sem varða lög sem þeir eru búnir að reyna að hafa eða búnir að hafa áhrif á fyrir lagasetninguna með aðild sinni að Réttarfarsnefnd.

Þrískipting hvað ?

Vilhjálmur Bjarnason ekki fjárfestir heldur fjölskylduafaðir. 822-8183

Smá aukagögn og upplýsingar eru hér á eftir er varða þetta mál.

<http://www.innanrikisraduneyti.is/raduneyti/starfssvid/rettarfar/nefndir/nr/504>

<http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=140&mnr=716>

<http://www.althingi.is/alttext/140/s/1151.html>

<http://www.althingi.is/alttext/140/s/1589.html>

<http://www.althingi.is/dba-bin/nafnak.pl?btim=2012-06-19+18:20:58&etim=2012-06-19+18:38:01&timi=18:20-18:38>

<http://www.althingi.is/alttext/140/s/1651.html>

<http://www.althingi.is/alttext/140/s/1644.html>

<http://www.althingi.is/dba-bin/nafnak.pl?btim=2012-06-19+23:28:54&etim=2012-06-19+23:29:44&timi=23:28-23:29>

<http://www.althingi.is/alttext/140/s/1664.html>

140. löggjafarþing 2011–2012. Þingskjal 1589 — 716. mál. 2. umræða.

Breytingartillaga við frumvarp til laga um breytingu á lögum um nauðungarsölu, lögum um aðför, lögum um meðferð einkamála og lögum um fjármálafyrirtæki (auglýsing nauðungarsölu, mál til heimtu bóta, gjafsókn, vörslusviptingar).

Frá Magnúsi M. Norðdahl, Margréti Tryggvadóttur og Eygló Harðardóttur.

1. Fellt. Við 4. gr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi:

c. (III.)

Þrátt fyrir 1. mgr. 80. gr. um frest til að leita úrlausnar héraðsdómara um gildi nauðungarsölu og 2. mgr. 80. gr. um samþykki þeirra sem hafa haft uppi kröfur fyrir sýslumanni er uppboðspola heimilt að leita úrlausnar héraðsdómara um gildi nauðungarsölu íbúðarhúsnæðis sem uppboðspoli hafði til afnota fyrir sig og fjölskyldu sín og sem fram hefur farið til fullnustu kröfu sem er umdeild í ljósi hæstaréttardóma um lögmæti og endurreikning gengistryggðra lána enda hafi uppboðskaupandi jafnframt verið eigandi hinnar umdeildu kröfu og er eigandi uppboðsandlags. Að kröfu uppboðspola er nauðungarsala til fullnustu kröfu samkvæmt framansögðu ógild. Ákvæði þetta gildir til loka árs 2013.

2. Þrotamaður, þrátt fyrir að útivist hafi verið af hans hálfu, krafist endurupptöku gjaldþrotaúrskurðar í máli þar sem skiptum á búi hans er ekki lokið, enda leiði hann líkur að því að greiðsluerfiðleika hans sé að rekja til gengistryggðra lána. Ákvæði þetta gildir til loka árs 2013. Ákvæði þetta á ekki við um lögaðila.

3. Samþykkt. Á eftir 9. gr. komi nýr kafli, V. kafli, **Breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum**, með einni nýrri grein, svohljóðandi: Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Protamanni er heimilt að leita úrlausnar héraðsdómara um gildi sölu fasteignar samkvæmt ákvörðun veðhafafundar til fullnustu kröfu sem er umdeild í ljósi hæstaréttardóma um lögmæti og endurreikning gengistryggðra lána, enda hafi kaupandi jafnframt verið eigandi hinnar umdeildu kröfu og hann er eigandi uppboðsandlags. Að kröfu þrotamanns er sala til fullnustu kröfu samkvæmt framansögðu ógild. Ákvæði þetta gildir til loka árs 2013.

4. Kallað. Heiti frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðför, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., lögum um nauðungarsölu, lögum um meðferð einkamála og lögum um fjármálafyrirtæki (auglýsing nauðungarsölu, mál til heimtu bóta, gjafsókn, vörslusviptingar).

Greinargerð.

Í breytingartillögu þessari er lagt til að bætt verði úr annmörkum á ákvæði til bráðabirgða XIII í lögum nr. 38/2001, sbr. lög nr. 151/2010, um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins og lögum um umboðsmann skuldara. Reynt hefur á ákvæðið fyrir dómi og má þar vísa til dóms Hæstaréttar í máli nr. 25/2012 frá 24. janúar 2012, úrskurðar Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. Y-10/2011 frá 22. nóvember 2011 og úrskurðar Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. X-20/2011 frá 22. nóvember 2011.

Lagt er til að við frumvarpið bætist ákvæði um breytingu á lögum um nauðungarsölu, lögum um meðferð einkamála og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. Gildistími ákvæða breytingartillögunnar er til ársloka 2013 en gera má ráð fyrir að þá verði búið að leysa úr allflestum ef ekki öllum ágreiningi um gildi gengistryggðra lána.

Samþykkt. Við 8. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi: Án tillits til þeirra fresta sem greindir eru í 1. mgr. 137. gr. getur

140. löggjafarþing 2011–2012. Þingskjal 1651 — 716. mál. 3. umræða.

Breytingartillaga við frumvarp til laga um breytingu á lögum um nauðungarsölu, lögum um aðför, lögum um meðferð einkamála, lögum um fjármálafyrirtæki og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. (auglýsing nauðungarsölu, mál til heimtu bóta, gjafsókn, vörslusviptingar, úthlutun úr þrotabúi).

Frá meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar (EyH, SII, JRG, LGeir, ÞBack, MT).

- 1. Samþykkt.** 8. gr. falli brott. **Var liður 2. Í þingskjali 1589 hér fyrir ofan.**
- 2. Samþykkt.** 11. gr. falli brott. **Var liður 3. Í þingskjali 1589 hér fyrir ofan.**
- 3. Samþykkt.** 12. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó öðlast 7. gr. gildi 15. júlí 2012.

Greinargerð.

Á fundi allsherjar- og menntamálanefndar eftir 2. umræðu komu fram athugasemdir frá réttarfarsnefnd. Var mat hennar að þær breytingar sem gerðar voru á málinu við 2. umræðu (þskj. 1589) skapi óvissu og þurfi nánari skoðunar við. Af þeim sökum er lagt til að 8. og 11. gr. frumvarpsins verði felldar brott. Þá hefur komið í ljós að mistök urðu við breytingu á gildistökuákvæði frumvarpsins og á gildistöku dagsetningin 15. júlí 2012 aðeins við um 7. gr. frumvarpsins, aðrar greinar taka þegar gildi.

Réttarfarsnefnd

Réttarfarsnefnd er fastanefnd skipuð af innanríkisráðherra sem hefur það hlutverk að vera ráðherra til ráðgjafar á sviði réttarfars.

Helstu verkefni nefndarinnar eru að:

- vera innanríkisráðherra til ráðgjafar um samningu frumvarpa og annarra reglna á sviði réttarfars,
- semja frumvörp og aðrar reglur að beiðni ráðherra á því sviði og í samræmi við áætlun og áherslur ráðherra,
- veita umsagnir um frumvörp og aðrar tillögur er varða réttarfar.

Í nefndinni eiga sæti:

- Eiríkur Tómasson, dómari við Hæstarétt Íslands, sem jafnframt er formaður,
- Hjördís Hákonardóttir, fyrrverandi dómari við Hæstarétt Íslands,
- Ása Ólafsdóttir, lektor við lagadeild Háskóla Íslands,
- Ragnheiður Harðardóttir, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur og
- Stefán Már Stefánsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands.

Starfsmaður nefndarinnar er Benedikt Bogason, settur dómari við Hæstarétt Íslands. Tengiliður ráðuneytisins við nefndina er Bryndís Helgadóttir, skrifstofustjóri skrifstofu réttarfars og stjórnslu.

Skipunartími í Réttarfarsnefnd er frá og með 25. febrúar 2012 til og með 24. febrúar 2017.

Þrískipting ríkisvaldsins samkvæmt Skólavef Alþingis.

Alþingi setur þjóðinni lög, sameiginlegar reglur sem öllum ber að fylgja. Ríkisstjórnin, það er ráðherrarnir, sér um að lögin séu framkvæmd. Dómstólar skera úr deilumálum ef upp kemur ágreiningur um

Talað er um þrískiptingu valdsins í framkvæmdarvald, sem er ríkisstjórnin eða ráðherrarnir, löggjafarvald, það er Alþingi, og dómvald, sem er í höndum dómstólanna.

Þrískiptingu ríkisvaldsins í framkvæmdarvald, löggjafarvald og dómvald má rekja til kenninga franska stjórnvitringsins Montesquieus. Samkvæmt þeim á skipting ríkisvaldsins milli þriggja sjálfstæðra valdhafa að koma í veg fyrir að nokkur þeirra verði svo sterkur að hann geti svipt þegnana frelsi með ofríki og að eigin geðþótta.

Dómvald er í höndum dómara og er aðgreining dómvaldsins frá löggjafar- og framkvæmdarvaldi grundvallaratriði fyrir réttaröryggi í landinu. Alþingi setur lög sem dómstólum er skylt að dæma eftir, en dómstólarnir túlka lögin, óháð vilja annarra valdhafa, og leggja endanlegt mat á gildi þeirra. Þar á meðal úrskurða dómstólar hvort lög samrýmast stjórnarskránni. Dómstig í íslensku réttarkerfi eru tvö, héraðsdómur og Hæstiréttur Íslands. Öll mál fara fyrst fyrir héraðsdóm en síðan má áfrýja málum til Hæstaréttar að uppfylltum tilteknum lágmarkskröfum ef þurfa þykir.

Vilhjálmur Bjarnason ekki fjárfestir

822-8183

16. apríl 2012

Alþingi
Erindi nr. P 140/1730
komudagur 16.4.2012

Umsögn vegna fyrirhugaðrar lagasetningar: 140. löggjafarþing 2011–2012. Þingskjal 1151 — 716. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um nauðungarsölu, lögum um aðför, lögum um meðferð einkamála og lögum um fjármálafyrirtæki (auglýsing nauðungarsölu, mál til heimtu bóta, gjafsókn, vörslusviptingar).

Þið getið bjargað hundruðum ef ekki þúsundum fjölskyldna frá því að missi og vera rekin út af heimilum sínum. Það er brýn þörf á endurupptökuheimildum, lenging málshöfðunarfrests hefur ekkert að segja ef fólk er ennþá gjaldþrota. Þá fer bara það sem það fær í bætur beint inn í þrotabúið. Vona að það sé ekki hugsunin á bak við þetta.

Ef þessi ofangreindu lög fara í gegn eins og frumvarpið er uppsett og hugsað þá má gera ráð fyrir að nokkur hundruð ef ekki þúsundir fjölskyldna missi heimili sín sem fjölskyldurnar geta haldið ef farið verður að tillögum mínum. Að ekki sé nú minnst á sanngirni, réttlæti og mannréttindi í þessu sambandi. Minni einnig á að íslenskur neytendamarkaðsréttur byggir að mestu leyti á tilskipunum Evrópusambandsins sem hafa verið innleiddar á grundvelli EES samningsins. Í þeim dómsmálum sem fallið hafa varðandi gengislán hefur ekki reynt á rétt neytenda til þess að halda þeim samningskjörum sem þeim voru í upphafi tryggð, sbr. 36. gr. c laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggjafninga nr. 7/1936, sbr. 4. gr. laga nr. 14/1995 og geri ég ráð fyrir að betri réttur neytenda og fjölskyldna muni koma fram þegar farið verður að dæma eftir neytendarétti í staðinn fyrir að nær allir dómar hingað til hafa fallið á kröfurétti en samt tryggt neytendum þann rétt sem þó hefur áunnist.

Ímyndið ykkur bara rótið sem kemur á fjölskyldur við það að vera hent út af heimili sínu vegna þess að ekki er búið að reikna lánið þeirra, sem búið er að dæma ólöglegt, rétt út, en vera svo boðið upp á að fara í mál við bankann eða lánastofnunina sem framkvæmdi þennan ólöglega gerning. Væri ekki nær að gefa fjölskyldunum kost á að fá réttan útreikning lánanna, leiðréttingu sinna mála eftir það og búa svo áfram í eigninni sinni. Hvaða áhrif haldið þið að það hafi á samfélagið ef ríkið og bæjarfélögin þurfa að koma miklum hluta af þessu fólki fyrir á sinn kostnað, því allt of margir af þeim sem svona fer fyrir missa allan þrótt og koma til með að segja sig á sveitafélögin.

Það er líka eitt sem vakti athygli mína við lestur frumvarpsins, það er nánast ekkert fjallað um gjaldþrotamál eða meðferð slíkra mála en ég tek þau mál hér með í umfjöllun minni um frumvarpið. Það þarf að gera þeim hundruðum eða þúsundum fjölskyldna sem það geta, kost á því að fá heimili sín aftur til baka frá bönkum og lánastofnunum.

Endurupptökuheimildir - Misskilinn skilningur

Varðandi það sem ég hef verið að reyna að vekja athygli á undanfarið, og var til umfjöllunar í Efnahags og viðskiptanefnd áður en málið fór fyrir Allsherjar og menntamálanefnd um endurupptökuheimildir til handa skuldurum sem hafa lent í fullnustugerðum eins og nauðungarsölum eða gjaldþrotaskiptum vegna ólöglegra gengislána og útreikninga á þeim og þar með afleiðingar þeirra á önnur veð á eignunum og greiðslustöðu fólks í framhaldinu, vil

ég taka það skýrt fram **að ég er ekki, alls ekki**, að tala um að skuldarinn geti fengið eign sína aftur til baka þegar búið er að selja hana t.d. nauðungarsölu eða eftir gjaldþrot til grandlaus aðila. Átta mig alveg á því að það gengur ekki og þá koma þessi málshöfðunarúrræði sér vel fyrir þá sem það á við og lenging þess tíma sem fólk hefur til slíks án þess þó að ég hafi skoðað hvort þau úrræði eru að virka lagalega séð. Í þessu samhengi þurfum við að átta okkur á því að banki eða lánastofnun sem kaupir eign fjölskyldu á uppboði eða tekur hana eftir gjaldþrot sem hann biður sjálfur um eða er valdur að með ólöglegum útreikningum sínum er ekki grandlaus aðili í þessu sambandi.

En það sem ég hef alltaf verið að tala um, er að þeir sem lent hafa í því að eign þeirra sé seld á nauðungarsölu og í framhaldinu gerðir gjaldþrota og líka þeir sem voru gerðir gjaldþrota og eign þeirra tekin og seld af skiptastjóra í framhaldinu, vegna áður gengisbundinna lána sem nú er búið að dæma ólöglegt að gengisbinda og líka ólöglegt að reikna afturvirka vexti seðlabankans á þessi sömu lán, fái endurupptökuheimild á þær aðgerðir til að fá þann gjaldþrotastimpil sem því fylgir óneitanlega af sér lögformlega. Það ætti að vera öllum ljóst að það er nægur kross að bera að eign fjölskyldunnar skuli hafa verið tekin af henni og seld nauðungarsölu eða ráðstafað í gegnum veðhafafund í gjaldþroti á ólöglegu láni þó sá eða þeir aðilar sem voru skrifaðir fyrir eigninni verði ekki að bera gjaldþrotastimpilinn líka.

Þessi endurupptökuheimild væri hugsuð til að fólk gæti fengið nafnið sitt aftur hreint en þó mundi það líka gagnast þeim sem hafa verið gerðir gjaldþrota en það á eftir að loka búinu og selja eign þess og svo má líka segja að þeir sem búið er að loka búinu hjá, ráðstafa eign þess til bankans eða eignin var seld nauðungarsölu, en bankinn eða lánastofnuninn tók eignina yfir á sig í þeim gjörningum, geti fengið eign sína aftur með þessari aðgerð því ekki er hægt að segja að bankinn eða lánastofnuninn sé grandlaus kaupandi.

Í þessu sambandi má minnst á að það er ekkert sem rífur tak skiptastjóra á þrotamanni í gjaldþroti, jafnvel þó skiptastjórinn vildi vera svo góður, nema endurupptökuheimild og þó ekki væri nema af þeirri ástæðu einni þarf að koma þessari endurupptökuheimild í lög in aftur. Get ég ekki séð annað en þessar endurupptökuheimildir séu sjálfsgöð mannréttindi til handa þeim sem brotið var sannarlega á með ólöglegri gengisbindingu og ólöglegum afturvirkum útreikningum og að allavega þeir sem geta nýtt sér það fái eignir sínar aftur, veit að það mundi skipta höfuðmáli fyrir fjölmargar fjölskyldur að fá eignina aftur frá bankanum.

Því miður er það búið að sýna sig að það eru nánast engir að skilja út á hvað þetta sem ég hef sett fram gengur og eða nánast enginn haft áhuga á að kynna sér það heldur. Má í því sambandi nefna þá aðila sem komu fyrir Efnahags og viðskiptanefnd frá Réttarfarsnefnd, vegna ofangreinds frumvarps, sem halda því fram að endurupptökuheimildir eigi ekki við í nauðungarsölu og gjaldþrotamálum. Þetta byggja þeir á því að sá sem kaupir eignir á slíkum skilmálum eigi að geta treyst því að eignin sé ekki tekin af honum seinna þó það komi í ljós að gjörningurinn hafi verið unnin á ólöglegum útreikningum og að taka verði tillit til eignarréttarverndar annarra kröfuhafa sem eiga kröfur sem ekki styðjast við gengistryggð lán.

En þetta er einmitt einn af aðalpunktunum í þessum málum, það er einmitt verið að svíkja og ganga á eignarrétt annara kröfuhafa sem á eftir þessum ólöglegu gengisbundnu lánum koma vegna þess að ólöglega krafan hefur hingað til alltaf verið miklu hærri í útreikningum en hún réttilega á að vera þegar búið er að taka tillit til dóma um ólögmæti bæði gengisbindingar og afturvirkra útreikninga. Áhrif þess eru að t.d. lánveitandi áður gengisbundins láns á 1. veðrétti tekur til sín alla eignina á of háum ólöglegum útreikningi sínum og útilokar þar með að síðari kröfuhafar fái nokkuð upp í sína kröfu. Það er því auðvelt að sýna fram á að bæði eigenda

annara krafna og fjölskyldan sem býr eða bjó í húsinu fái rétt sinn betur tryggðan með endurupptökuheimildum frekar en með bótaúrræði.

Þeir í Réttarfarsnefnd virðast ekki hafa hugsað fyrir þeim möguleika að þegar ekki er búið að ráðstafa eigninni frá skiptastjóra eða selja hana nauðungarsölu eða jafnvel að bankinn sjálfur hefur leyst hana til sín eftir annan hvorn af þessum gjörningum sem unnir hafa verið á ólöglegum lánum er það hið mesta réttlætismál að sá og sú fjölskylda sem eignin var tekin ólöglega, af fái hana aftur í sína vörslu og þá er besta lausnin fólgin í því að fá endurupptökuheimildir á þá ólöglegu gjörninga sem fólust í ólöglegum útreikningum og afturvirku útreikningum áður gengisbundinna lána. Með því er líka réttur síðari kröfuhafa miklu betur tryggður því veðréttindin verða rétt skráð eftir að réttir útreikningar hafa verið framkvæmdir.

Vildi að ég væri ekki orðinn þessi sérfræðingur sem ég er í svona málum, en á sama tíma er ég því feginn en væri þó ennþá fegnari ef þetta brambolt mitt yrði til þess að fólk og fjölskyldur fengju uppreisn æru og hundruðir eða þúsundir þeirra fengju heimili sín aftur. Þessi sérfræðipækking mín hefur svo sem ekki komið til að góðu en Arion banki tók eign okkar hjóna og okkar 6 manna fjölskyldu á veðhafafundi núna 13. mars þrátt fyrir tilmæli Fjármálaeftirlitsins og skilyrði Samkeppnisstofnunar um að fjármálastofnanir mundu halda að sér höndum með fullnunstuáðgerðir á meðan réttaróvissa sú sem sannanlega er fyrir hendi er. Þetta gerði lögmaður bankans þó ég benti honum á þetta og dóma hæstaréttar og þá sérstaklega dóm 600/2011 frá 15 febrúar síðastliðinn og líka þó ég segði honum frá því að það væri verið að vinna í því innan ríkiskerfissins að flýta lagasetningu vegna svona mála, þeim var alveg sama báðum tveim, skiptastjóranum og lögmanni Arion banka, sögðu að við gætum bara farið í skaðabótarmál við bankann og eða skiptastjóran þegar búið væri að setja nýjan laga og reglugerðarramma um þessi mál.

Get ekki sagt að ég sé sammála því sem ég sá í greinagerðinni um tilurð ofangreinds frumvarps að skilyrði Samkeppniseftirlitsins fyrir samráði fjármálastofnanna séu til þess fallin að slá á áhyggjur sem fram hafa komið á fundum nefndarinnar um að bankarnir fullnusti ekki eignum á meðan réttaróvissa er fyrir hendi og tel ég fulla ástæðu til að skerpa á því að bankarnir haldi að sér höndum á meðan réttaróvissan er ennþá fyrir hendi, t.d. með því að setja lög á bankana sem banna þeim að gera eitthvað sem er óafturkræft á meðan. Ef ég set þetta í samhengi við t.d. okkar mál þá get ég ekki sagt annað en það mundi hafa gríðarlegan mikil áhrif fyrir okkur að fá í fyrsta lagi nafnið hreint og án gjaldþrotastimpilsins, í öðru lagi að fá hús fjölskyldunnar aftur á okkar nafn með því öryggi sem því fylgir fyrir okkur og fjögur börn okkar og svo í þriðja lagi að fá heimildir í lögum til að fara í mál við bankann vegna skaðabóta og miska sem allt þetta mál hefur valdið okkur.

Þær endurupptökuheimildir sem fram kæmu þyrftu að vera betur úr garði gerðar en þær sem voru í lögum 151/2010 en kannski mætti nota þær sem grunn. Það er nú búið að sýna sig að það lagaákvæði var ekki að virka vegna þess m.a. að það var ekki nógu vandað til lagasetningarinnar og líka að ákvæðið er útrunnið frá 29 september 2011 og hefur í raun ekki nýst neinum eins og má sjá á þeim fáu dæmum sem fóru fyrir héraðsdóm og Hæstarétt og einnig í minnisblaði eða greinagerð sem Haukur Örn Birgisson hrl hjá ERGO lögmonnum gerði fyrir mig og Hagsmunasamtök heimilanna. Get ég sent ykkur það ef þið hafið áhuga, en þar segir m.a. að lagaákvæðið sem slíkt og vilji löggjafans hafi ekki náð fram að ganga, m.a. vegna þess að lögin séu ekki nógu skýr og að ekki hafi verið vandað nógu til við gerð laganna.

Ef það er eitthvað sem ég get gert til að skýra þessi mál betur út fyrir ykkur þá er ég boðinn og búinn til að mæta hvar og hvenær sem er til að fara yfir þessi mál og skýra þau út.

p.s. Það má ekki gleyma ávinningi samfélagsins af því að fólk sem t.d. var gert var gjaldþrota ólöglega fái aftur sinn borgaralega rétt og virðingu sem því hefur fundist það hafa glatað með því að vera gert gjaldþrota. Það verður örugglega fljótt að skila sér í auknum skatttekjum ríkissjóðs því sagan segir okkur að mikið að því fólk sem gert er t.d. gjaldþrota fer í svarta atvinnustarfssemi eða flytur erlendis þann tíma sem það er gjaldþrota og þá er spurning hvað mikið að þessu fólk kemur aftur inn á eðlilegan vinnumarkað aftur eða flytur aftur heim til Íslands ef það fær ekki uppreisn æru.

Það má minna á að ef þessar endurupptökuheimildir verða settar í lög má áætla að nokkur hundruð fjölskyldna, að minnsta kosti, ef ekki þúsundir missi ekki heimili sín eða fái heimili sín aftur frá skiptastjórum eða úr nauðungarsölum. Fólk getur þá beðið eftir að fá réttan útreikning á lána og skuldamálum sínum þegar búið verður að skera út um réttaróvissu þá sem nú er vegna þessara áður gengisbundnu lána. Það eru næg vandræði með að koma þeim fjölskyldum fyrir sem þegar hafa misst eignir sínar þó ekki sé verið að henda fólk út á götuna á seinustu metrunum þegar það er orðið ljóst að fólk á fyrir skuldum sínum á réttum útreikningum lána sinna.

Nú er að þora, vilja og gera.

Vilhjálmur Bjarnason, ekki fjárfestir en fjölskylduafaðir í Hafnarfirði.
Varaformaður Hagsmunasamtaka heimilanna.
Sími 822-8183

Varðandi það að stoppa fjármálafyrirtækin í fullnustugerðum á meðan réttaróvissa ríkir.

Það sem þarf að gera til að stoppa bankana í því að taka eignir af fólk á meðan réttaróvissan er sannanlega fyrir hendi er að það þarf að útvíkka fyrirmæli og skilyrði Fjármálaeftirlitsins og Samkeppnisstofnunnar og setja lög, reglugerð eða annað virkt úrræði sem tæki á því að fjármálastofnanir og aðrir lánveitendur gætu ekki gert fjárnám, krafist eða klárað gjaldþrotaskipti, farið fram á eða lokið nauðungarsölu, tekið eignir með vörslusviftingu og ekki selt vörslusviftar eignir eða aðrar eignir sem þær hafa eignast í framantöldum gerningum eða farið í aðrar fullnustugerðir ef á eigninni er áður gengisbundið lán.

Þetta gildi hvort sem gengisbundna lánið væri undirrót fyrir sókn fjármálafyrirtækissins á hendur skuldaranum eða ekki, það væri nóg að það væri gengisbundið lán á eigninni eða veðandlaginu þó bankinn hefði kosið að fara á aðra lánveitingu eða vegna lögveða eða annara lítilla lána.

Þessi gerningur þyrfti að vera tímabundinn í segjum 4 mánuði og skylda ætti fjármálafyrirtækin, í samstarfi við neytendatengda aðila, að klára á sama tíma alla þá óvissuþætti í dómsmálum fyrir hæstarétti sem að áður gengisbundnum lánnum snúa eins og þeir fengu leyfi fyrir frá samkeppnisstofnun. Það væri ekki vitlaust að hafa það sjálfvirkt að ef þeir væru ekki búnir að því eftir 4 mánuði þá framlengdist fresturinn sjálfkrafa um tvo mánuði í senn þar til þeirri vinnu væri lokið.

Með því væri verið að setja pressuna á fjármálafyrirtækin að klára þessi mál bæði hratt og vel í staðinn fyrir að skuldarnir fái alltaf skellinn þegar tímasettum úrræðum líkur án þess að niðurstaða sé fengin í þau mál sem átti að fá niðurstöðu í með frestinum.

Þau dómsmál sem verða valin til flýtimeðferðar til að skera út um réttaróvissu vegna þessara áður gengisbundnu lána mega ekki bara vera valin af fjármálafyrirtækjunum eingöngu. Þessi

mál verða að vera valið í samstarfi við aðila sem hugar að neytendarétti og þeim neytendatengdu EES skilmálum sem íslensk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til að hlýta. Ég hef miklar áhyggjur af því að það verði ekki gert ef fjármálafyrirtækin handvelji málin sjálf án aðkomu aðila eins og t.d. Neytendastofu, Talsmanns neytenda, Umboðsmanns skuldara eða Hagsmunasamtaka heimilanna og fyndist mér réttast að allir þessir aðilar kæmu að valinu til mótvægis við þá mörgu fjármálastofnanna tengdu aðila sem koma að málinu hinum megin frá.

Það væri líka einn kostur í viðbót, sem lýtur að því að skylda bankana til að endurupptaka öll þessi ofangreindu mál á sömu forsendum, en að þeirra frumkvæði og á þeirra ábyrgð og kostnað. Því ætti almenningur að þurfa að höfða óteljandi dómsmál til að fá rétt sinn til baka þegar það er sannað að lánin voru ólögleg og endurútreikningur aftur í tímann með seðlabankavöxtum líka. Það má með sanni segja að margir í þessum hópi hafi sennilega ekki efni á því að leita réttar síns eftir að búið er að taka allar eigur þess að þeim né heldur heimild til þess samkvæmt gjaldþrotalögum ef það er búið að úrskurða viðkomandi gjaldþrota. Það hlýtur að vera öllum ljóst að það mundi létta á mörgum heimilum að vera t.d. ekki lengur með gjaldþrotastimpilinn á sér.

Þessar endurupptökuheimildir fyrir almenning sem minnst er á hér fyrir ofan þyrftu samt sem áður líka að vera fyrir hendi ef bankarnir „gleymdu“ einhverjum, það er mjög miklilvægt ef þessi leið væri farin.

Dæmi Sigurðar og Elviru sem unnu mál 600/2011 gegn Frjálsa/Dróma fyrir Hæstarétti hinn 15. febrúar síðastliðinn.

Til staðfestingar þess að fjármálastofnarnir eru ekki og ætla ekki að hlíta dómi hæstaréttar í máli 600/2011 möglunarlaust, hratt og á sanngjarnan hátt fyrir skuldarana þá er hér póstur frá þeim sem unnu það mál, Sigurður og Elvira sem eru að minnsta kosti eina fólkið í landinu sem ætti þó alla vega að fá sanngjarna og réttláta meðferð eftir dóminn, en þessi póstur sýnir svo sannarlega að svo er ekki.

Sent frá Sigurði og Elviru til mín og birt með þeirra leyfi.:

Skilanefnd Frjálsa fjárfestingarbankans (Drómi) hefur nú haft 8 vikur til að endurútreikna lánin okkar Elviru síðan dómurinn féll. Ekkert bólar á neinu slíku frá þeim. Við höfum hins vegar reiknað út stöðu lánanna sjálf og komið þeim upplýsingum á framfæri við Dróma. Ragnar Hall lögmaður okkar Elviru fékk fimm vikum eftir dóminn sem við unnum tölvupóst frá Hlyni Jónssyni (hjá slitastjórn Frjáls / Dróma) þar sem stendur m.a.:

"Lántakendum í þessari stöðu hefur verið boðið að greiða fasta fjárhæð, kr. 5.500, m.v. upphaflega milljón á meðan ekki liggur fyrir hvernig endurútreikningi verði háttað.

Vinsamlegast upplýstu hvort umbjóðendur þínir hyggist notfæra sér þetta úrræði eða hafi tillögur að öðrum úrræðum á meðan óvissa ríkir um endurútreikninginn.

Þér til upplýsingar þá erum við aðilar að samráðshópi á vettvangi Samtaka

fjármálafyrirtækja sem m.a. vinnum að úrlausn álitæfna varðandi það hvernig beri að endurútreikna lán sem falla undir dóm Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012 í máli nr. 600/2011."

Væntanlega þurfum við að höfða enn eitt málið gegn þessu síðlausa pakki í slitastjórninni.

Þau hafna öllum okkar kröfum og reyndu meira að segja að rukka mig um tæpar 2 milljónir aukalega í stað einnar milljónar sem Hæstiréttur dæmdi þau til að greiða okkur í málskostnað.

Kær kv.- Siggí.

Vilhjálmur Bjarnason, ekki fjárfestir en fjölskyldufaðir í Hafnarfirði.

Varaformaður Hagsmunasamtaka heimilanna.

Sími 822-8183

